

Kirkjuþing 2025 - 2026

22. mál - þskj. 22b

Breytingartillaga

við tillögu til þingsályktunar um skipun starfshóps sem skoðar kostnað og umfang kirkjuþings.

Flm. Stefán Magnússon.

Kirkjuþing samþykkir að setja á laggirnar starfshóp sem skoðar kostnað og umfang kirkjustjórnarinnar, þ.e. kirkjuþings, biskups Íslands og starfsmanna hans, þ.m.t. vígðra þjóna, svo og skrifstofu Þjóðkirkjunnar og sérstofnana, með það fyrir augum að horfa til þess hvort hægt sé að lækka kostnað og auka skilvirkni þessarar yfirstjórnar. Starfshópurinn sé skipaður einstaklingum sem hafa þekkingu og reynslu af rekstri og sem hvorki sitja á kirkjuþingi né eru starfsmenn Þjóðkirkjunnar.

Starfsmönnum Þjóðkirkjunnar er skylt að veita starfshópnum allar nauðsynlegar upplýsingar sem beðið verður um og sem lög heimila.

Starfshópurinn skili 68. kirkjuþingi 2026 – 2027 greinargerð um úttektina með tillögum um úrbætur eftir því sem þurfa þykir.